



FUNDAGERÐ SKIPULAGS- OG BYGGINGARNEFNDAR

Mánudaginn 25. júlí 2011, kl. 16⁰⁰, var fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Skagastrandar. Á fundinn voru mættir: Vilhelm Harðarson, Sverný H. Hallbjörnsdóttir, Magnús B. Jónsson, Björn Hallbjörnsson, Ari Jón Þórsson, Ingvar Gýgjar Sigurðarson og Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi og Hafsteinn Pálsson slökkviliðsstjóri.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Staðfesting lóðamarka:

Ingvar Gýgjar kynnti tillögur að lóðamörkum nokkurra eigna sem hann hefur verið að yfirfara með það að markmiði að endurnýja eða endurgera lóðasamninga. Nefndin yfirfór fyrirbyggjandi gögn og fékk skýringar á forsendum lóðamarka en staðfesti síðan eftirfarandi lóðamörk samkvæmt yfirlitsblöðum yfir byggingarreitina og lóðirnar:

- a. Fellsbrautar 9-17,
- b. Hólabrautar 10-18
- c. Hólabrautar 9-17
- d. Bogabrautar 18-26
- e. Bogabrautar 9-27
- f. Ránarbrautar 12-16
- g. Fjörubrautar 5-13
- h. Litla Fells
- i. Strandgötu 4-10

2. Umferðamál

Fyrir fundinum lá tillaga að biðskyldumerki af Öldubraut inn á Strandgötu. Tillagan var samþykkt.

Fyrir fundinum lá tillaga að staðsetningu hraðahindrana og uppdráttur sem skýrir nánar staðsetningu þeirra. Samþykkt að hraðahindranir verði samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu og uppdráttum.

3. Auglýsing deiliskipulags.

Fyrir fundinum lá svohljóðandi auglýsing:

Deiliskipulag Hólanessvæðisins á Skagaströnd

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkti á fundi sínum 25. maí 2011 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi Hólanessvæðisins á Skagaströnd samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsuppdráttur, greinargerð og skráning húsa á Hólanessvæðinu munu vera til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar, Túnbraut 1-3 frá 27. júlí til 16. september 2011 Ennfremur er tillagan til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins, www.skagastrond.is.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Athugasemdir skal skila til skrifstofu Skagastrandar fyrir 16. september 2011 og skulu þær vera skriflegar.

Fram kom að auglýsingin verði birt í Morgunblaðinu, Lögbirtingi og á heimasíðu sveitarfélagsins.

Málið var til kynningar.



4. Staða á frágangi fasteigna sem gerðar voru athugasemdir við:

Fyrir fundinum lá yfirlit yfir þau bréf sem send voru til fasteignaeigenda vegna kröfu byggingarfulltrúa og sveitarfélags um úrbætur á frágangi eignanna. Ingvar og sveitarstjóri gerðu grein fyrir þeim viðbrögðum eða áhrifum sem orðið hafa vegna bréfanna. Málið var til kynningar.

5. Staðsetning geymslugáma.

Lögð var fram tillaga að staðsetningu geymslugám á svæði þar sem geymsluport útgerðar hefur verið. Fram kom að lóðarhafi Fisk Seafood geri ekki athugasemd við þá ráðstöfun að því tilskyldu að sveitarfélagið sjái um að umgengni og frágangur sé með viðunandi hætti.

Skipulagsnefnd samþykkti staðsetninguna og að þar geti staðið gámar án sérstaks stöðuleyfis.

6. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 18¹⁵

Vilhelm Harðarson,

Svenný H. Hallbjörnsdóttir,

Magnús B. Jónsson,

Björn Hallbjörnsson,

Ari Jón Þórsson,

Ingvar Gýgjar Sigurðarson

Bragi Þór Haraldsson,
byggingarfulltrúi.

Hafsteinn Pálsson
slökkviliðsstjóri